

31. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 27.6. 2024, kl. 9:00

Mætt eru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Undir lið 4. Kristinn Bjarnason lögfræðingur sveitarfélagsins í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Vatnsveita-samþykktir og tilboð í borun
2. Loftslagsstefna Fljótsdalshrepps
3. Kaupsamningur við Fljótsdalsgrund
4. Ágangsfé
5. Bessastaðárgil-rökstuðningur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða
6. Hengifoss, skoðun og félagsform
7. Fundargerðir:
 - a. Heilbrigðisnefndar Austurlands 6.6.2024
 - b. Sambands íslenskra sveitarfélaga 31.5.2024
 - c. Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs 12.6.2024
8. Skýrsla sveitarstjóra
9. Önnur mál

1. Vatnsveita-samþykktir og tilboð í borun

Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði frá Borbræðrum ehf. Einnig samþykkir sveitarstjórn samþykktir fyrir vatnsveitu í Fljótsdal sem heitir Fljótsorka. Samþykktir verða settar á heimasíðu sveitarfélagsins.

2. Loftslagsstefna Fljótsdalshrepps

Fyrri umræða, kynnt.

3. Kaupsamningur við Fljótsdalsgrund

Kjartan vék af fundi.

Sveitarstjóri gerir grein fyrir því að hann og oddviti hafi átt fund með eigendum Fljótsdalsgrundar ehf. vegna lokagreiðslu kaupsamnings að fjárhæð kr. 20.000.000 sem greiða á þann 1. júlí 2024 samkvæmt kaupsamning aðila. Á fundinum kom fram að áætlanir og forsendur kaupanda hefðu ekki gengið eftir m.a. vegna færri ferðamanna á Austurlandi en gert hafði verið ráð fyrir og þar af leiðandi minni tekna. Fljótsdalsgrund ehf. óskaði því eftir að greiðsla framangreindra eftirstöðva kaupverðsins miðaðist við upphaflegt tilboð þ.e. að lokagreiðsla færi fram 2026.

Sveitarstjóri gerir tillögu um að málinu verði lokið með eftirfarandi hætti:

Fljótsdalsgrund ehf. gefi út skuldabréf til Fljótsdalshrepps að fjárhæð kr. 20.000.000 sem beri 5% fasta ársvexti frá og með 1. júlí 2024 og greiðist með þremur jöfnum afborgunum þann 1. september 2024, 2025 og 2026, tryggt með 2. veðrétti í hinni seldu fasteign.

Tillagan rædd og að því loknu samþykkt af sveitarstjórn og sveitarstjóra falið að ganga frá málinu. Kjartan kom aftur til fundar.

4. Ágangsfé

Sveitarstjórn samþykkir að vera með í samþykktum um ágangsfé á svæðum SSA. Sveitarfélagið óskar eftir fundi með Múlaþing vegna ágangsfjár.

5. Bessastaðárgil-rökstuðningur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða

Kynnt, verkefninu hafnað. Sveitarstjórn lýsir yfir vonbrigðum með niðurstöðu sjóðsins.

6. Hengifoss, skoðun og félagsform

Við hönnun þjónustuhúss við Hengifoss var ekki gert ráð fyrir aðstöðu fyrir björgunarbúnað, áhöld, geymslu og lager. Erindinu vísað til greiningar hjá Skipulags og byggingarnefnd. Sveitarstjóra falið að fara ýtarlega í félagsform á rekstri þjónustuhússins við Hengifoss. Kynnt drög að leigusamningi vegna rafhleðslustöðva við þjónustuhúsið.

7. Fundargerðir:

a. Heilbrigðisnefndar Austurlands 6.6.2024

Kynnt.

b. Sambands íslenskra sveitarfélaga 31.5.2024

Kynnt.

c. Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs 12.6.2024

Kynnt.

8. Skýrsla sveitarstjóra

Farið yfir helstu mál.

9. Önnur mál

Anna Jóna sagði að hesthúsið í Laugarfelli hefði skekst trúlega vegna frostlyftinga.

Í lok fundar fór sveitarstjórn í skoðunarferð í þjónustuhúsið við Hengifoss. Anna Jóna og Halla hittu Helgu Eyjólfsdóttur verkefnastýru þjónustuhússins við lok heimsóknar.

Fundi slitið kl: 13:15.

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

Anna Jóna Árnarsdóttir

Halla Auðunardóttir

Jóhann F. Þórhallsson

Kjartan Benediktsson

Lárus Heiðarsson oddviti